

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í  
Skerjafirði, nr. 26 31. janúar 1967, sbr. auglýsingu um breytingu  
á þeirri gjaldskrá, nr. 1, 4. janúar 1968.

### 1. gr.

B-liður 1. greinar gjaldskrárinnar orðist þannig:  
Millilandaflug:

Fyrir lendingar á flugvöllinum eða flughöfninni skal greiða kr. 56.65 á hvert tonn flugvélarinnar, miðað við mesta leyfðan flugtaksþunga, allt að 20 tonnum, en kr. 28.31 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 94.40.

### 2. gr.

**Stæðis- og festargjöld.**

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

3. grein gjaldskrárinnar orðist þannig:

#### A. Innanlandsflug:

Vænghaf flugvélar:	Leiga á sólarhring:
Undir 12 m .....	kr. 30.00
12 — 18 — .....	— 60.00
18 — 24 — .....	— 90.00
24 — 30 — .....	— 120.00
Yfir 30 — .....	— 135.00

#### B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar:	Leiga á sólarhring:
Undir 12 m .....	kr. 94.37
12 — 18 — .....	— 189.98
18 — 24 — .....	— 283.90
24 — 30 — .....	— 377.50
Yfir 30 — .....	— 425.43

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldi num 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er.

Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum.

Sjóflugvélar greiði sömu gjöld fyrir að liggja við legufæri sjóflughafnarinnar.

### 3. gr.

B-liður 7. greinar gjaldskrárinnar orðist þannig:  
Millilandaflug:

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvöllinum eða frá honum til notkunar í millilandaflugi, skal greiða flugvöllinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlitra .....	kr. 0,8514
Á hvert U.S.-gallon .....	— 3.208

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt heimild í lögum nr. 24 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 1, 4. janúar 1968, um breytingu á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

*Samgöngumálaráðuneytið, 9. desember 1968.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um gjöld skóla fyrir afnot af Fræðslumyndasafni ríkisins.

### 1. gr.

Skólar, sem kostaðir eru sameiginlega af ríkissjóði og sveitarfélögum eða ríkissjóði einum, hafa afnot af myndum Fræðslumyndasafns ríkisins.

### 2. gr.

Gjald fyrir afnot skóla af myndum safnsins skal fyrst um sinn, unz öðru vísi kynni að verða ákveðið, vera 20.00 krónur á hvern nemanda samkvæmt nemendaskýrslum Fræðslumálaskrifstofunnar, og greiðist að  $\frac{3}{4}$  hlutum úr ríkissjóði en að  $\frac{1}{4}$  úr hlutaðeigandi sveitarsjóði að því er varðar skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

### 3. gr.

Gjaldið til safnsins greiðist þannig:

1. Hluti ríkisins greiðist eigi síðar en 1. júlí árlega eða með  $\frac{1}{2}$  mánaðarlega.
2. Hluti sveitarsjóða greiðist eigi síðar en 1. júlí árlega.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 49/1967, um skóla-kostnað.

*Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1968.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*